

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, nr. 390/2009.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmarkaskrá viðauka I við reglugerðina:

a. Tilvísun nr. 21 fyrir efnið fenól fellur brott.

b. Eftirfarandi breytingar verða á meðalgildi mengunarmarkna efna:

CAS-nr. <sup>(1)</sup>	Efni	Fyrir 8 tíma <sup>(2)</sup>	
		ppm <sup>(3)</sup>	mg/m <sup>3</sup>
57-14-7	1,1-Dímetýlhýdrasín (dímasín)	0,1	0,25
74-90-8	Blásýra (sýanvetni, vetnissýaníð)	5	5
74-90-8	Vetnissýaníð (blásýra, sýanvetni)	5	5
75-21-8	Etýlenoxíð (1,2-epoxýetan, oxíran, T-gas)	1	1,8
75-21-8	Oxíran (etýlenoxíð, 1,2-epoxýetan, T-gas)	1	1,8
75-21-8	T-gas (1,2-epoxýetan, etýlenoxíð, oxíran)	1	1,8
85-68-7	Bensýlbútýltalat	-	3
92-52-4	Bífenýl (dífenýl, fenýlbensen)	0,2	1,3
92-52-4	Dífenýl (bífenýl, fenýlbensen)	0,2	1,3
107-21-1	Glýkól, úði	10	26
107-21-1	Mónóetýlenglýkól, úði	10	26
111-40-0	Díetýlentríamín (3-asapentan-1,5-díamín)	1	4,5
123-31-9	Hýdrókínón (p-bensendíól)	-	0,5

<sup>(1)</sup> CAS-númer gefur einkennisnúmer efnis samkvæmt *Chemical Abstract Service*. Efnahópar og efni sem koma fyrir í fleiri ísómerum eru oft með fleiri CAS-númer en eitt. Uppgefið CAS-númer er af þessum sökum leiðbeinandi en ekki alltaf tæmandi.

<sup>(2)</sup> Mæld eða reiknuð miðað við átta stunda tímavegið meðaltal.

<sup>(3)</sup> Milljónahluti: hluti af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m<sup>3</sup>).

c. Eftirfarandi breytingar verða á þakgildi mengunarmarkna efna:

CAS-nr.	Efni	Þakgildi	
		ppm	mg/m <sup>3</sup>
123-31-9	Hýdrókínón (p-bensendíól)	-	2
1395-21-7 9014-01-1	Subtilisiner (ensím)	-	0,00006
75-21-8	Etýlenoxíð (1,2-epoxýetan, oxíran, T-gas)	-	-
75-21-8	Oxíran (etýlenoxíð, 1,2-epoxýetan, T-gas)	-	-
75-21-8	T-gas (1,2-epoxýetan, etýlenoxíð, oxíran)	-	-

d. Eftirfarandi breytingar verða á táknum efna:

CAS-nr.	Efni	Tákn <sup>(4)</sup>
107-21-1	1,2 Etandíól, úði	H
111-30-8	Glútaraldehýð (1,5-pentandíal)	O
298-00-0	Parafíonmetýl (metýlparafíon)	H
123-91-1	Díetýlendíoxíð (1,4-díoxan)	H, K

(4) Merking tákna:

H = efnið getur auðveldlega borist inn í líkamann gegnum húð.

K = efnið er krabbameinsvaldandi.

O = efnið er ofnæmisvaldandi.

e. Eftirfarandi breytingar verða á meðalgildi og/eða þakgildi mengunarmarka efna:

CAS-nr.	Efni	8 klst.		Þakgildi	
		ppm	mg/m <sup>3</sup>	ppm	mg/m <sup>3</sup>
68-12-2	N,N dímetýlformamíð	5	15	10	30
75-15-0	Koldísúlfíð	5	15	-	-
80-62-6	Metýlmetakrýlat	50	-	100	-
96-33-3	Metýlakrýlat	5	18	10	36
109-86-4	2-metoxýetanól	1	-	-	-
110-49-6	2-metýoxýetýlasetat	1	-	-	-
110-80-5	Etoxýetanól	2	8	-	-
111-15-9	2-etoxýetýlasetat	2	11	-	-
123-91-1	1,4 díoxan	20	73	-	-
140-88-5	Etýlakrýlat	5	21	10	42
624-83-9	Metýlísósýanat	-	-	0,02	-
872-50-4	n-metýl-2-pýrrólídón	10	40	20	80
	Kvikasilfur og ólífræn <sup>(5)</sup> efnasambönd kvikasilfurs, þ.m.t. kvikasilfursoxíð og kvikasilfurklóríð (mælt sem kvikasilfur)	-	0,02	-	-
7664-93-9	Brennisteinssýra (úði) <sup>(6),(7)</sup>	-	0,05	-	-
7783-06-4	Vetnissúlfíð	5	7	10	14

(5) Við vöktun á váhrifum kvikasilfurs og tvígildum ólífrænum samböndum þess er rétt að taka tillit til viðeigandi aðferða við lífvöktun til viðbótar viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi.

(6) Þegar valin er viðeigandi aðferð við vöktun á váhrifum er rétt að taka tillit til hugsanlegra takmarkana og truflana sem geta orðið þegar önnur kvikasilfursambönd eru fyrir hendi.

(7) Úði er skilgreindur út frá þeim hluta sem kemst niður í brjósthólið.

f. Eftirfarandi ný efni bætast við mengunarmarkaskrána með þessum mengunarmörkum.

CAS-nr.	Efni	8 klst.		Þakgildi	
		ppm	mg/m <sup>3</sup>	ppm	mg/m <sup>3</sup>
80-05-7	Bisfenól A (ryk sem hægt er að anda að sér)	-	10	-	-
1634-04-4	Bútýl-metýleter, þrígreindur	50	183,5	100	367

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 38. og 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnu-  
eftirlits ríkisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, til innleiðingar á tilskipun 2009/161/EB um  
gerð þriðju skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar  
ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB, sem vísað er  
til í 16j lið XVIII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með  
ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 141/2010, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 21. desember 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*